

## Nefndarálit

um frv. til l. um breyt á l. nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Frá minni hluta sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar.

Með þessu frumvarpi er í rauninni verið að flytja fjögur lítt skyld mál. Í fyrsta lagi er veitt heimild til að undanskilja afla sem fæst við veiðar í fræðsluskyni frá kvóta. Í annan stað er verið að setja lagalegan ramma utan um svokallaðar frístundaveiðar sem eru vaxandi atvinnugrein. Í þriðja lagi er verið að innleiða nýtt banndagakerfi, sem gengið hefur undir nafninu strandveiðar. Og loks er í frumvarpinu ákvæði um að skipta heildarafla í karfa í gullkarfa og djúpkarfa.

Þetta frumvarp er því marki brennt að undirbúningur var slaklegur í veigamiklum atriðum. Það á alveg sérstaklega við um þann þátt frumvarpsins sem snýr að hinu nýja banndagakerfi. Málinu var varpað fram í umræðuna fyrir í vetur, sem illa útfærðri hugmynd, sem fékk afar misjafnar móttökur. Ljóst er af frumvarpinu eins og það leit dagsins ljós að upphaflegu hugmyndirnar stóðust engan veginn nánari skoðun og voru alls ekki líklegar til að ná yfirlýstum markmiðum: að auka nýliðun í sjávarútvegi og styrkja byggðir. Frumvarpið eins og það var lagt fram gerir það ekki heldur, né þær veigalitlu og ómarkvissu breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar lagði fram.

Mjög margt er við vinnubrögðin að athuga. Umsagnarfrestur vegna málsins var hraklega stuttur. Þessu mótmælti minni hluti nefndarinnar en á það var ekki hlustað. Sem dæmi má nefna að fram kemur í umsögn Byggðastofnunar að hún hafði einungis einn dag til þess að skila inn umsögn þrátt fyrir að einn yfirlýsti tilgangur málsins sé að styrkja byggðina í landinu. Þetta er ekki einasta móðgun við umsagnaraðila, heldur ekki síður yfirlýsing um áhugaleysi meiri hluta nefndarinnar um fagleg og góð vinnubrögð. Vonandi er þetta ekki fyrirboði þeirra vinnubragða sem tíðkuð verða við breytingar á lögum á málavíði nefndarinnar í framtíðinni.

Þetta er sérstaklega ámælisvert varðandi banndagahluta frumvarpsins í ljósi þess hve hann var illa undirbúinn.

Nauðsynlegt reyndist vegna þessa að kalla fyrir nefndina talsverðan fjölda aðila og var það gert að öllu leyti að frumkvæði minni hlutans til þess að freista þess að varpa ljósi á málið og reyna að gefa umsagnaraðilum færi á að skýra betur þær miklu athugasemdir sem uppi voru við málið. Það var ekki vanþörf á, því jafnvel þeir sem jákvæðastir voru fyrir því að setja á nýtt banndagakerfi við fiskveiðar höfðu mjög veigamiklar athugasemdir við útfærsluna og þá hugsun sem að baki málinu býr. Því miður var lítt hlustað á athugasemdir þær sem bárust við málið úr öllum áttum og þær breytingar sem meiri hlutinn leggur til eru því til lítils gagns.

Skal nú vikið nokkuð að efnisatriðum frumvarpsins.

1. gr. frumvarpsins er í sjálfu sér eðlileg og sjálfsögð og er eingöngu til þess fallin að styrkja lagaframkvæmd sem tíðkast hefur um langt árabíl.

2. gr. er sömuleiðis til bóta að flestu leyti enda byggð á skýrslu nefndar um svokallaða frístundabáta sem er vaxandi atvinnugrein. Það er þó til marks um flumbruganginn við undirbúning málsins að þetta mál hafði fengið talsverða umfjöllun sjávarútvegs- og landbúnaðar- nefndar á síðastliðnu vori þar sem fengist hafði niðurstaða um tilteknar breytingar sem algjörlega var hins vegar litið framhjá við undirbúning málsins nú. Þá er í tillögum meiri hlutans ekki brugðist við tilteknum ábendingum sem fram hafa komið í vinnu nefndarinnar og ætla má að um gæti orðið góð samstaða.

Ákvæði til bráðabirgða I hefur fengið mestu umfjöllunina og umræðuna. Það mál allt er í algjöru skötulíki og í rauninni stórfurðulegt að menn nálgist breytingar á fiskveiðistjórnarlögum með þessum hætti. Er það til marks um efasemdirnar um þetta mál að jafnt ráðherrann sem málið flytur og meiri hluti nefndarinnar leggja á það áherslu að málið sé eingöngu lagt fram til bráðabirgða; sem eins konar tilraunaverkefni. Með öðrum orðum, þeim sem ætla að starfa í þessu nýja banndagakerfi er boðið upp á algjöra óvissu. Fyrir liggur að margir munu þurfa að leggja í umtalsverða fjárfestingu, en allsendis er óvíst hvort framhald verður á þessum veiðum að mati ábyrgðarmanna málsins. Þessi vinnubrögð eru því ekki líkleg til þess að stuðla að því að menn geti undirbúið þennan atvinnurekstur sinn af nauðsynlegri kostgæfni þannig að hann geti orðið þeim og þjóðfélaginu til ábata.

Ein alvarlegasta meinsemd þessa máls er að það mun færa veiðirétt í umtalsverðum mæli frá veikustu sjávarbyggðum landsins, þeim byggðum sem helst hafa misst frá sér aflaheimildir, þar sem fiskvinnsla hefur dregist saman og íbúum fækkað. Þetta er ómótmælanlegt þar sem ætlunin er að taka meira en helming alls byggðakvótans og úthluta honum til þess að búa til veiðirétt í hinu nýja banndagakerfi. Fram kom í máli fulltrúa þessara sveitarfélaga sem og fulltrúa Sambands sveitarfélaga að þetta mundi veikja mjög þá atvinnustarfsemi sem er til staðar í þessum byggðarlögum og kollvarpa heilsársstarfsemi við fiskveiðar og vinnslu. Ljóst er að meiri hlutinn hefur ákveðið að bregðast í engu við þessum ábendingum.

Í fylgiskjali við álit þetta er yfirlit yfir úthlutun byggðakvóta á síðustu þremur árum til einstakra byggðarlaga. Þetta yfirlit gefur vísbendingu um hvaða byggðarlög verða einkum fyrir barðinu á afleiðingum hinnar fyrirhuguðu löggjafar.

Sú svæðaskipting sem lögð er til grundvallar hinum nýju banndögum getur sömuleiðis grafið mjög undan möguleikum fjölmargra sveitarfélaga og byggðarlaga. Meiri hlutinn hefur kosið að takast ekki á við það vandamál, sem þó er viðurkennt að nokkru í áliti meiri hlutans. Þessu máli á hins vegar að vísa án nokkurra skilmála inn í sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðuneytið til marks um þá fullkomlegu uppgjöf sem er gagnvart þessu óhjákvæmilega viðfangsefni.

Ýmislegt annað má nefna sem sýnir hve málið er illa úr garði gert. Það er til dæmis ljóst að reglur um veiði annarra tegunda en þorsks munu gera þennan veiðiskap nær ómögulegan á þeim svæðum þar sem ufsi er uppistaðan í handfæraafnanum. Áhyggjur hafa komið fram um öryggismál þeirra sem þessar veiðar munu stunda. Bent hefur verið á að þetta fyrirkomulag muni rýra heildarafrakstur okkar af sjávarauðlindinni, þar sem nú verði með fleiri bátum en áður dreginn sami affli úr sjó og hann seldur til ráðstöfunar á þeim tíma sem hráefnið er viðkvæmt og verðminna. Þá er ljóst að eftirlitskostnaður verður umtalsverður.

Að öllu framansögðu telur minni hlutinn að skynsamlegast sé að fresta öllum áformum um nýtt banndagakerfi. Þau mál eigi hins vegar að skoða og útfæra áður en málið sé lagt að nýju fyrir þingið. Þess í stað eigi tafarlaust að úthluta þeim afla sem ætlunin var að ráðstafa til byggðakvóta á grundvelli þeirra reglna sem þróaðar hafa verið.

Að síðustu varðandi ákvæði til bráðabirgða II má telja skynsamlegt að fresta því að á því máli sé tekið. Það er á hinn bóginn brýnt og sjálfsagt að leyfilegum heildarafla í karfa sé

skipt upp í þær tvær tegundir sem um er að ræða, gullkarfa og djúpkarfa. Eðlilegt er að yfir það sé farið hvort fyrir hendi séu nægjanleg gögn til þess að framkvæma þessa skiptingu á grundvelli raunverulegrar veiðireynslu í þessum tilgreindu tegundum. Er hér hvatt til þess að sú vinna verði framkvæmd þannig að sem allra fyrst megi leggja fram nýtt frumvarp um þetta mál.

Alþingi, 15. júní 2009.

Einar K. Guðfinnsson,  
frsm.

Jón Gunnarsson.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

### Fylgiskjal.

#### Úthlutun byggðakvóta fiskveiðiárin 2005–2006, 2006–2007 og 2007–2008 (sbr. þskj. 58, 11. mál á yfirstandandi þingi).

	<b>Magn úr sjó:</b> Þorskur 2.679 tonn Ýsa 2.060 tonn Ufsi 1.545 tonn Steinbítur 258 tonn	<b>Magn úr sjó:</b> Þorskur 3.133 tonn Ýsa 1.705 tonn Ufsi 1.299 tonn Steinbítur 211 tonn	<b>Magn úr sjó:</b> Þorskur 3.273 tonn Ýsa 1.735 tonn Ufsi 1.322 tonn, Steinbítur 215 tonn
<b>Sveitarfélag/Byggðarlag</b>	<b>2007–2008</b>	<b>2006–2007</b>	<b>2005–2006</b>
	<b>Þorskígildistonn</b>	<b>Þorskígildistonn</b>	<b>Þorskígildistonn</b>
Árborg	54	44	51
Stokkseyri			9
Eyrbakki	54	44	42
Sveitarfélagið Ölfus			
Þorlákshöfn	35	52	0
Sandgerði	0	36	140
Gerðahreppur	150	150	150
Snæfellsbær	194	99	168
Hellissandur			
Rif	44		70
Ólafsvík	150	99	98
Grundarfjarðarbær	140	137	140
Grundarfjörður	140	137	140
Stykkishólmur	210	204	210
Vesturbyggð	297	349	299
Brjánslækur	15	15	5
Patreksfjörður	74	95	103
Bíldudalur	140	137	140

Sveitarfélag/Byggðarlag	2007–2008	2006–2007	2005–2006
Tálknafjarðarhreppur	150	87	70
Bolungarvík	70	68	98
Ísafjarðarbær	374	454	506
Hnífsdalur	34	22	37
Þingeyri	17	87	79
Flateyri	104		
Suðureyri	20	15	23
Ísafjörður	70	137	140
Súðavíkurhreppur	210	204	210
Árneshreppur (Norðurfjörður)	15	15	5
Kaldrananeshreppur/Drangsnes	51	48	68
Strandabyggð			
Hólmavík	140	137	140
Húnaþing vestra			
Hvammstangi	70	68	70
Blönduós bær			
Blönduós	140	137	140
Sveitarfélagið Skagaströnd	140	137	140
Sveitarfélagið Skagafjörður	138	222	136
Sauðárkrókur	70	137	
Hofsós	30	28	107
Fjallabyggð	360	339	289
Siglufjörður	210	204	210
Ólafsfjörður	150	135	79
Dalvíkurbyggð	165	82	112
Dalvík			56
Hauganes	15	15	5
Árskógssandur	150	67	51
Akureyri			
Hrísey	23	75	107
Grýtubakkahreppur/Grenivík	0	18	0
Grímsey	46	46	23
Norðurþing	374	381	305
Húsavík	210	204	140
Kópasker	70	68	70
Raufarhöfn	94	109	95

<b>Sveitarfélag/Byggðarlag</b>	<b>2007–2008</b>	<b>2006–2007</b>	<b>2005–2006</b>
Langanesbyggð	153	134	104
Þórshöfn	15	48	19
Bakkafjörður	138	86	85
Vopnafjarðarhreppur			
Vopnafjörður	117	42	0
Borgarfjarðarhreppur			
Borgarfjörður eystri	81	96	121
Seyðisfjörður	70	62	67
Fjarðabyggð	218	230	247
Fáskrúðsfjörður	37	56	61
Stöðvarfjörður	181	174	103
Breiðdalshreppur	169	184	209
Djúpavogshreppur	31	46	61
<b>Alls þorskígildistonn</b>	<b>4.385</b>	<b>4.385</b>	<b>4.385</b>